Tilkynning

um aðstöðugjald í Reykjavík

Ákveðið er að innheimta i Reykjavik aðstöðugjald á árinu 1977 samkvæmt heimild i V. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og reglugerð nr. 81/1962 um aðstöðugjald, sbr. lög nr. 104/1973.
Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar verður gjaldstigi eins og hér segir:

0.20% Rekstur fiskiskipa.
0.33% Rekstur flugvéla.
0.50% Matvöruverzlun i smásölu. Kaffi, sykur og kornvara til manneldis i heildsölu. Kjöt-.og fiskiðnaður. Endurtryggingar.
0.65% Rekstur farþega- og farmskipa.
1.00% Sérleyfisbifreiðir. Matsala. Landbúnaður. Vátryggingar ót. a. Útgáfustarfsemi. Útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi. Rakara- og hárgreiðslustofur. Verzlun ót.a. Iðnaður ót.a.
1.30% Verzlun með kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahús. Fjölritun. Skartgripa- og skrautmunaverzlun. Tóbaks- og sælgætisverzlun. Söluturnar. Blómaverzlun. Umboðsverzlun. Minjagripaverzlun. Barir. Billjardstofur. Persónuleg þjónusta. Hvers konar önnur gjaldskyld starfsemi ót.a.

Með skirskotun til framangreindra laga og reglugerðar er ennfremur vakin athygli á eftirfarandi:

1. Þeir, sem ekki eru framtalsskyldir til tekju- og eignarskatts en eru aðstöðugjaldsskyldir, þurfa að senda skattstjóra sérstakt framtal til aðstöðugjalds, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 81/1962.
2. Þeir, sem framtalsskyldir eru i Reykjavik, en hafa með höndum aðstöðugjaldsskylda starfsemi i öðrum sveitarfélögum, þurfa að senda skattstjóranum i Reykjavik sundurliðun, er sýni, hvað af útgjöldum þeirra er bundið þeirri starfsemi sbr. ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962.
3. Þeir, sem framtalsskyldir eru utan Reykjavikur, en hafa með höndum aðstöðugjaldsskylda starfsemi i Reykjavik, þurfa að skila til skattstjórans i þvi umdæmi, þar sem þeir eru heimilisfastir, yfirlitium útgjöld sin vegna starfseminnar i Reykjavik.
4. Þeir, sem margþætta atvinnu reka, þannig að útgjöld þeirra teljast til fleiri en eins gjaldflokks samkvæmt ofangreindri gjaldskrá, þurfa að senda fullnægjandi greinargerð um, hvað af útgjöldunum tilheyri hverjum einstökum gjaldflokki, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 81/1962.

Framangreind gögn ber að senda til skattstjóra fyrir 21. apríl n.k., að öðrum kosti verður aðstöðugjaldið, svo og skipting i gjaldflokka, áætlað eða aðilum gert að greiða aðstöðugjald af öllum útgjöldum skv. þeim gjaldflokki, sem hæstur er.

Reykjavik 28. marz 1977
Skattstjórinn i Reykjavik

Kjarval 3

Kjarvals verður að bíða betri tima.

Hússtjórn Kjarvalsstaða hefur nú ákveðið með samþykki borgarstjórnar að hefja undirbúning að ritun sögu Kjarvals. Er að því stefnt, að á aldarafmæli meistarans verði saga hans skráð. Verður það væntanlega mikið verk og kærkomið öllum þeim mörgu sem unna lista hans.

Sýning sú, sem nú er opnuð mun standa fram á haust. Þeir mörgu aðilar sem lánuðu myndir til sýningarinnar verða því að sjá af þessum vinum sínum um óvenju langan tima, en Reykjavíkurborg stendur i því meiri þakkarskuld við þá. Þeim eru öllum fluttar beztu þakkir.

Það er von min, að margir muni verða til þess að skoða þessa sýningu og nota það tækifæri sem hér gefst til að kynnast enn nýjum strengjum i hinni ótrúlega fjölþættu listhörpu Kjarvals.

Enginn vafi er á því að margir munu verða til þess að fylgja ábendingum borgarstjórans um að lita inn á þessa litriku og stórfenglegu sýningu til að sjá Jóhannes Kjarval i enn nýju ljósi.

—BJ

Verkfall við Kröflu 1

sumir hafa viljað meina, sagði Helgi.

Stór hópur járnsmiða er nú verklaus við Kröflu, vegna verkfalls málmiðnaðarmanna, og sagði Helgi Guðmundsson engan vafa leika á því að ófremdarástand skapaðist þar, næstu daga, ef ekkert yrði að gert.

— Við litum svo á að vinnuveitendur eigi næsta leik. Við höfum lagt fram allar okkar kröfur, og málið er bara i biðstöðu núna, sagði formaður Trésmiðafélags Akureyrar i gær.

—AB

Mjólkurfélag 6

Æðsta stjórn félagsins er fulltrúaráð sem 15 deildir félagsins kjósa og kýs það félagsstjórn og endurskoðendur.

Stjórn félagsins skipa nú, Ólafur Andrésson bóndi Sogni, formaður, Sigsteinn Pálsson bóndi Blikastöðum, varaformaður, Sigurður Sigurðsson bóndi, Stóra Lambhaga, ritari. Meðstjórnendur eru: Einar Tönsberg framkvæmdastjóri, Reykjavik og Jón M. Guðmundsson bóndi, Reykjum. Endurskoðendur eru nú Haraldur Jónsson, Reykjavik, og Magnús Blöndal Kópavogi.

Fyrsti formaður og forstjóri félagsins var Jón Kristjánsson lagaprófessor en hann lést 1918. Síðan gegndi Eyjólfur Jóhannsson frá Sveinatungu forstjórastarfinu til ársins 1945. Þá tók við Oddur Jónsson og gegndi hann því til ársloka 1964, en síðan hefur Leifur Guðmundsson starfað sem forstjóri félagsins. Fulltrúi og skrifstofustjóri félagsins i yfir 40 ár var Yngvi Jóhannesson en því starfi gegnir nú Sigurður Eyjólfsson.

Starfsmenn Mjólkurfélagsins eru nú 35. Velgengni félagsins hefur byggst á mjög góðu og hæfu starfsfólki sem leggur sig fram við að láta i té góða þjónustu til hagsbóta fyrir félagið og viðskipamenn þess.

Þegar að er gáð má glögglega sjá, að Mjólkurfélag Reykjavíkur hefur verið brautryðjandi i samfleytt 60 ár. Það hefur markað mörg og heillarik spor i verslunar- og atvinnusögu Reykjavikur, sem það heitir eftir. Átt drjúgan þátt i að tengja landbúnaðarframleiðslu grannsveitanna við Reykjavik bændum og borgarbúum til hagsbóta.

Auglýsendur!
AUGLÝSINGASÍMI BLAÐSINS ER 14906

LAUS STAÐA

Laus er til umsóknar staða heilbrigðisráðunauts við Heilbrigðiseftirlit rikisins. Umsækjendur skulu hafa verkfræði- eða tæknifræðimenntun eða aðra hliðstæða undirbúningsmenntun, sem ráðherra metur gilda.
Störf viðkomandi verða m.a. fólgin i skipulagningu og framkvæmd mengunarmælinga og er því æskilegt að umsækjendur hafi reynslu i meðferð mælitækja.
Umsóknir sendist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 26. apríl n.k. Staðan veitist frá 15. mai n.k.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
28. mars 1977

RÍKISSPÍTALARNIR lausar stöður

KÓPAVOGSHÆLI:
SÉRFRÆÐINGUR i barnageðlækningum óskast til starfa á hælinu frá 1. mai 1977. Umsóknir er greini aldur, námsferil, og fyrri störf ber að senda stjórnarnefnd rikisspitalanna, Eiriksgötu 5, fyrir 25. apríl n.k.

Reykjavik 28.3.'77.

SKRIFSTOFA RÍKISSPÍTALANNA
EIRÍKSGÖTU 5, SÍMI 11765

Laus staða

Starf forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Fellahellis er laus til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til 15. apríl. Laun skv. kjarasamningi borgarstarfsmanna.

Umsóknareyðublöð ásamt starfslýsingu og menntunarkröfum fást á skrifstofu æskulýðsráðs, Frikirkjuvegi 11, sími 15937.

ÆSKULÝÐSRÁÐ REYKJAVÍKUR
SÍMI 15937
ÆSKULÝÐSRÁÐ

Kópavogskaupstaður

Kópavogur — sumarstörf

Félagsmálastofnun Kópavogs, óskar að ráða fólk til eftirtalinna starfa i sumar:
1. Íþróttir og útilif: Íþróttakennarar.
2. Skólagarðar: A. verkstjóri B. aðstoðarfólk.
3. Starfsleikvellir: Leiðbeinendur.
4. Sumarbúðir: A forstöðumaður B. starfsmaður i eldhús. C. Starfsfólk i barnagæslu.
5. Vinnuskóli: A. forstöðurmaður B. Verkstjóri.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á Félagsmálastofnun Kópavogs, Álfhólsvegi 32, og þar eru veittar nánari upplýsingar i sima 41570. Umsóknarfrestur er til 6. apríl. 1977. Félagsmálastjórinn i Kópavogi.